

FUNDARBOÐ

**1967. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 17.
desember 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2507285 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting á greinargerð vegna Flensborgarhafnar

6. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. desember sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 5. nóvember sl. að kynna vinnslutillögu vegna breytinga á aðalskipulagi Flensborgarhafnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var í kynningu 13.11-4.12.2025. Engar athugasemdir bárust. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flensborgarhafnar lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flensborgarhafnar verði auglýst og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

2. 2506237 - Ásland 4, deiliskipulagsbreyting

8. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. desember sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 24. september 2025 að auglýsa breytingar á deiliskipulagi Áslands 4 í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Tillagan fellst í að 54 einbýlishúsalóðum er breytt í 14 parhús og 14 raðhús. Íbúðum fjölgar um 21 í hverfinu. Einnig er gert ráð fyrir búsetukjarna með 6-7 íbúðum. Tillagan var í kynningu 2.10-27.11.2025. Engar athugasemdir bárust við tillöguna.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

3. 2512252 - Brunnás 2-4, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 14 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Viðja ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2512026 - Brunnás 6, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 13 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Kolbeinn Viðar Jónsson.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

5. 2512456 - Brunnás 8, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 20 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Júlíu Margrétar Guðbjargardóttur.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2512077 - Brunnás 10, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 17 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Baldurs Arnar Eiríkssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2512439 - Brunnás 12, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 18 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Kristjáns Ragnars Þorsteinssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

8. 2512250 - Brunnás 14, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 21 umsókn um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Brynjars Rafns Ólafssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

9. 2512393 - Brunnás 18, umsókn um lóð

2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.desember sl.

Lögð fram umsókn um lóð.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

10. 2512166 - Brunnás 29, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 3 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Ágústs Fannars Ásgeirssonar.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

11. 2512163 - Byrgisás 1-3, umsókn um lóð

1. liður frá fundi bæjarráðs 15. desember sl.

Alls bárust 9 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn HGV múrverk ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

12. 2512181 - Byrgisás 5-7, umsókn um lóð

1. liður frá fundi bæjarráðs 15. desember sl.

Alls bárust 10 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Fjarðargarða ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

13. 2512050 - Byrgisás 2-12, umsókn um lóð

1. liður frá fundi bæjarráðs 15. desember sl.

Alls bárust 7 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Þórs smíði sf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

14. 2512056 - Byrgisás 9-21, umsókn um lóð

1. liður frá fundi bæjarráðs 15. desember sl.

Alls bárust 6 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn NR-5 ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

15. 2512377 - Byrgisás 14-20, umsókn um lóð

1. liður frá fundi bæjarráðs 15. desember sl.

Alls bárust 9 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Við tjarnarbakkann ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

16. 2512331 - Byrgisás 22-28, umsókn um lóð

1. liður frá fundi bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 8 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Rætur fasteignir ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

17. 2512040 - Byrgisás 23-33, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 8 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn KB verk ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

18. 2512034 - Byrgisás 35-43, umsókn um lóð

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. desember sl.

Alls bárust 9 umsóknir um lóðina. Fulltrúi sýslumanns dró út umsókn Oddafells ehf.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

19. 2511568 - Dverghella 4, umsókn um lóð

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.desember sl.

Lögð fram umsókn Húsameistara ehf. um atvinnuhúsalóðina nr. 4 við Dverghellu.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

20. 2512460 - Lántaka 2026

4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.desember sl.

Heimild til lántöku 2026. Í samræmi við fjárhagsáætlun. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að heimila Hafnarfjarðarbæ, kt.590169-7579, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 4.500 m.kr. og Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar, kt. 570790-1029, að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að 150 m.kr. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2026 er heimild til lántöku A-hluta Hafnarfjarðarbæjar allt að kr. 4.500 m.kr. og hjá Húsnæðisskrifstofu 150 m.kr. Lántakan getur verið í formi skammtímaláns, sem forvera langtímaláns, eða sem langtímalán í þeim skuldabréfaflokknum sem Lánasjóður sveitarfélaga ohf. býður upp á þegar lántaka á sér stað og hefur sveitarstjórn kynnt sér skilmála skuldabréfaflokkanna eins og þeir koma fyrir í töflunni hér að ofan og finna má á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Til tryggingar láninu, þ.m.t. höfuðstól, uppgreiðslugjaldi, vöxtum, dráttarvöxtum og öðrum kostnaði, samþykkir bæjarstjórn að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr., 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar. Lántaka Hafnarfjarðarbæjar verður vegna fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins á árinu 2026, s.s. eins og nýs grunn- og leikskóla í Hamranesi, nýs bókasafns, búsetukjarna við Smyrlahraun, gatnagerðar í nýju hverfi sveitarfélagsins og nýjum félagslegum íbúðum en þessi verkefni fela í sér að hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Valdimari Víðissyni, bæjarstjóra Hafnarfjarðar, kt. 100978-3509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarbæjar og Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

21. 2512491 - Tunguhella 2, umsókn um lóð

7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.desember sl.
Umsókn um lóð.

Dregin út umsókn Vallarbyggðar ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

22. 2512489 - Straumhella 34, umsókn um lóð

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15.desember sl.
Dregin út umsókn GH17 ehf. Bæjarráð samþykkir að úthluta í samræmi við útdrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

23. 2410346 - Strandgata 1, Austurgata 4, Austurgata 6, sala eigna

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður.

24. 2512324 - Álit umboðsmanns, fallið frá ráðningu

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Umræður.

Fundargerðir

25. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10. desember sl.

Fundargerð fræðsluráðs 10. desember sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 9. desember sl.

Fundargerðir bæjarráðs frá 11. og 15. desember sl.

a. Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24. nóvember sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 4. desember sl.

c. Fundargerð stjórnar SSH frá 1. desember sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. desember sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 15. desember sl.

26. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

1. liður úr fundargerð forsetanefndar frá 15. desember sl.

Farið yfir drög að dagskrá bæjarstjórnarfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 17. desember nk.

Forsetanefnd samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að næsti fundur verði miðvikudaginn 14. janúar nk. og fyrsta reglulega fundarvika ráða eftir áramót hefjist mánudaginn 5. janúar nk.

15.12.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri